

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Þjósár.

1. gr.

Nafn félagsins er Veðifélag Þjósár, kt. 621209-1590.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagssvæði Veðifélags Þjósár er allt vatnasvæðið sem sjógengur fiskur kemst um, það er frá Þjófafossi og til sjávar ásamt þverám.

Félagsmenn eru skráðir eigendur og/eða ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að eftirtöldum veiðiám. Þær eru: Þjósá og þverár hennar sem eru; Kálfá, Þverá, Sandá/Hvammsá, Fossá, Steinslækur, Minnivallalækur, Skarfanesslækur, Hjallaneslækur og Kaldárholtslækur. Skulu þverár Þjósár starfa í deildum. Jarðirnar eru:

Selpartur,	Miðhús I,	Krókur,	Ósgröf (Landgræðslan),
Hólmasel,	Miðhús II,	Herríðarhóll,	Galtalækur I og II.
Traustholtshólmi,	Stórahof I,	Hólmar tveir ofan Tanga,	
Arabær,	Stórahof II,	Þjósártún,	<u>Kálfárdeild:</u>
Arabæjarhjáleiga,	Minnahof,	Lækjartún,	Bólstaður,
Krókur,	Árnes (eyja),	Hellir,	Miðhús I,
Fljótshólar austurbær,	Þjósárholt,	Vetleifsholt I,	Miðhús II,
Fljótshólar vesturbær,	Minni-Núpur,	Vetleifsholt II,	Stóra-Hof I,
Skálmsholtshraun,	Stóri-Núpur I,	Vetleifsholtspartur,	Stóra-Hof II,
Skálmsholt,	Stóri-Núpur II,	Rifshalakot,	Eystra-Geldingaholt,
Heiðarbær,	Fossnes,	Lindarbær,	Hamrar,
Þjótandi,	Hagi I,	Akbraut,	Eystra-Geldingaholt II,
Urriðafoss,	Hagi II,	Gíslaholt,	Skaftholtsland (Skeiða-
Egilsstaðir I,	Melhagi,	Kaldarholt,	og Gnúpverjahreppur),
Egilsstaðir II,	Ásólfstaðir I,	Ketilstaðir,	Austurhlíð,
Villingarholt,	Ásólfstaðir II,	Hagi,	Steinsholt I,
Mjósund,	Skriðufell (Skógrækt ríkisins),	Saurbær,	Steinsholt II,
Forsæti I,	Sandhólaferja,	Stúfholt I,	Skáldabúðir,
Forsæti II,	Háfshóll,	Stúfholt II,	Ásar,
Sandbakki,	Háfur,	Guttormshagi,	Móar,
Ferjunes,	Háfshjáleiga,	Þverlækur,	Stóra-Mástunga I,
Efri-Sýrlækur,	Brautartunga,	Kambur,	Stóra-Mástunga II,
Syðri-Sýrlækur,	Hali,	Lækur,	Minni-Mástunga,
Egilsstaðakot,	Þykkvibær,	Hjallanes I,	Hamarsheiði I,
Kálfhóll I,	Asmúli,	Hjallanes II,	Hamarsheiði II.
Kálfhóll II,	Hárlaugsstaðir,	Þúfa,	
Skeiðháholt I,	Borgarholt,	Flagbjarnaholt efra,	<u>Minnivallalækur:</u>
Skeiðháholt II,	Framnes,	Flagbjarnaholt neðra,	Vindás,
Skeiðháholt III,	Ás I,	Mykjunes,	Minni-Vellir,
Blesastaðir I,	Ás II,	Skammbeinsstaðir I,	Stóru-Vellir,
Blesastaðir II,	Ás III,	Skammbeinsstaðir II,	Stóri-Klofi,
Votamýri I,	Ás IIII,	Skammbeinsstaðir III,	Litli-Klofi,
Votamýri II,	Hellnatún I,	Skammbeinsstaðir IIII,	Skarð,
Húsatóftir I,	Hellnatún II,	Vindás,	Fellsmúli,
Húsatóftir 1a,	Ásmundarstaðir,	Minni-Vellir,	Múli,
Húsatóftir II,	Hamrahóll,	Stóruvellir (Landgræðslan),	Hellar.
Húsatóftir III,	Syðri-Hamrar (vesturbær),	Hvammur frambær,	
Reykir,	Syðri-Hamrar (austurbær),	Hvammur norðurbær,	<u>Hvammsá/Sandá:</u>
Reykhóll,	Hús I,	Hellnar,	Ásólfstaðir I,
Reykjahlið,	Hús II,	Múli,	Ásólfstaðir II,
Sandlækur I,	Bólstaður,	Litli-Klofi,	Ásólfstaðir III,
Sandlækur II,	Sel,	Fellsmúli,	Skriðufell (Skógræktin),
Breiðanes,	Áshóll,	Króktún,	Afréttamálafélag Flóa og
Sandlækjarkot,	Sauðholt,	Skarð,	Skeiða.
Sandlækjarkot 2,	Efri-Hamrar,	Skarðsel,	
Þrándarholt,	Efri-Sumarliðabær,	Yrjur,	<u>Fossá:</u>
Þrándarlundur,	Neðri-Sumarliðabær,	Stóriklofi,	Þjóðlenda (forsætis-
Stöðulfell,	Kálfholt,	Skarfaness (Skógrækt ríkisins),	ráðuneytið).

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Ef ráðstafa skal veiði til annarra en félagsmanna þarf að breyta samþykktum félagsins.

Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn; formaður, féhirðir, ritari og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig; tveir ganga úr eftir eitt ár, tveir ganga úr eftir tvö ár og þrír eftir þrjú ár, helst svo sama röð áfram. Einn skal koma úr Flóahreppi, einn koma úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi, einn kemur úr Rangárfingi ytra, einn kemur úr Ásahreppi og þrír skulu kosnir óbundnir af svæðinu.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfund. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðunin er tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með rekjanlegum hætti ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram ársreikninga félagsins yfirfarna og áritaða af félags-

kjörnum skoðunarmönnum og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna óskar þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 29. desember 2023.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.